

23. október 1981.

1019

Nr. 624.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 655 23. desember 1980, um gatnagerðargjöld í Hafnarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

2. mgr. 9. gr. orðist svo:

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir greiðast eftir á á sömu gjalddögum og miðast við vexti Byggðasjóðs eins og þeir eru á hverjum tíma af skuldabréfum til sveitarfélagsins vegna lagningar bundins slitlags. Lán samkvæmt þessari grein skulu verðtryggð samkvæmt lánskjaravísitölu.

Reglugerð þessi sem samþykkt er af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. október 1981.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

22. október 1981.

Nr. 625.

REGLUR

um radióleyfi áhugamanna.

1. gr.

Öll samskipti Pósts og síma og radióáhugamanna gerast fyrir milligöngu Félags íslenskra radióamatöra, skammstafað IRA.

Umsókn um leyfi til að setja upp eða reka radióstöð áhugamanna skal IRA senda Pósti og síma á þar til gerðu eyðublaði. Einnig skulu fylgja vottorð um próf, skv. 4. gr. hér á eftir.

2. gr.

Umsækjandi um radióleyfi áhugamanna skal:

1. vera íslenskur ríkisborgari, sjá þó 13. gr.,
2. vera fullra 14 ára til að öðlast nýliðaleyfi, en 16 ára til að öðlast A-leyfi eða T-leyfi,
3. hafa lokið prófi, sbr. 4. gr., hér á eftir.

3. gr.

Radióleyfi áhugamanna skiptast þannig:

Nýliðaleyfi: Leyfi til að húa til og setja upp til eigin afnota radióviðtæki, senditæki og loftnet til Morse-viðskipta við aðra radióáhugamenn.